

HD sameinar reynslu, sérþekkingu og öfluga þjónustu sem heldur íslenskum iðnaði gangandi.

Hafðu samband og fáðu ráðgjöf frá sérfræðingum HD:

sala@hd.is
+354 560 3600



Gæði sem skapa rekstraröryggi

Ávinningur fyrir viðskiptavinum

- **Aukið öryggi**
Skýr gæðastjórnun styður örugga framkvæmd og dregur úr frávikum.
- **Rekjanleiki**
Efni, vinnsluferlar, hæfni starfsfólks og framkvæmd eru skjalfest samkvæmt skilgreindum kröfum.
- **Hæft starfsfólk**
Áhersla er lögð á þjálfun, hæfnivottanir og stöðuga þróun þekkingar
- **Minni áhætta**
Markviss undirbúningur, eftirlit og gæðastjórnun stuðla að öryggri og áreiðanlegri framkvæmd.

Þegar verkefnið þolir ekki mistök

Leyfðu okkur að fara yfir hvernig vottaðir verkferlar, rekjanleiki og sérþekking HD geta stutt við þitt verkefni.

Ykkar þarfir

– okkar drifkraftur

- Vottaðir verkferlar
- Skýr ábyrgð og rekjanleiki
- Hæft og vottað starfsfólk
- Gæði og öryggi í framkvæmd



Pegar gæði skipta máli

Pegar verkefni gera miklar kröfur um öryggi, áreiðanleika og endingu skiptir fagleg framkvæmd öllu máli. Hjá HD eru gæði ekki aðeins markmið heldur hluti af menningu fyrirtækisins. Vottaðir verkferlar, skýr ábyrgð og stöðugar umbætur skapa traustan grunn fyrir örugga framkvæmd og langtímasamstarf við viðskiptavini.

Fyrirtæki velja HD þegar verkefni þola ekki mistök. Hvort sem um er að ræða orkuinnviði, sjávarútveg, fiskeldi eða annan iðnað eru gæði forsenda rekstraröryggis, öryggis starfsfólks og endingar mannvirkja og búnaðar.

Fagmennska að baki hverju verkefni

Vottanir eru ekki markmið í sjálfu sér heldur staðfesting á þeirri þekkingu, reynslu og gæðamenningu sem HD leggur í verkefni viðskiptavina sinna. Þær styðja við skýra verkferla, samræmd vinnubrögð og áreiðanlega framkvæmd.

Markmiðið er einfalt:

Að skila verkefnum sem standast kröfur – í hvert sinn.

Hvað þýðir þetta fyrir viðskiptavini?

- > Minni áhætta í framkvæmd
- > Samræmd og skjalfest vinnubrögð
- > Fullur rekjanleiki
- > Hæft og vottað starfsfólk
- > Áreiðanleg afhending
- > Meira rekstraröryggi fyrir viðskiptavini



Vottanir sem byggja upp traust

Í verkefnum þar sem öryggi, rekjanleiki og fagleg framkvæmd skipta miklu máli þurfa gæðakröfur að vera skýrar, mælanlegar og staðfestar. Vottanir HD styðja við það verklag og sýna að unnið er samkvæmt viðurkenndum kröfum.

Vottanir og viðurkenndir staðlar eru mikilvægur hluti af gæðastjórnun HD. Þeir setja skýran ramma um stjórnun, faglega framkvæmd, ábyrgð, rekjanleika og samræmd vinnubrögð í verkefnum þar sem kröfur til öryggis og gæða eru miklar.



ISO 9001

Styður samræmda gæðastjórnun, skýra ábyrgð, skjalfesta ferla og stöðugar umbætur.



ISO 3834-2

tryggir faglega stjórnun suðuvinnu með kröfum um hæfni starfsfólks, staðfestar suðuaðferðir, gæða-eftirlit og rekjanleika.



EN 1090

tryggir að framleiðsla burðarvirkja úr stáli uppfylli evrópskar kröfur um CE-merkingar, framleiðslu-eftirlit og framkvæmdaflokka EXC1-EXC4.

Stöðugar umbætur

Innleiðing ISO 9001, ISO 3834 og EN 1090 hefur markað mikilvæga áfanga í uppbyggingu stjórnunarkerfa HD. Með vottuðum ferlum, skýrri ábyrgð, auknum rekjanleika og samræmdum vinnubrögðum hefur fagleg umgjörð fyrirtækisins verið styrkt enn frekar.

HD vinnur nú að innleiðingu ISO 14001 umhverfisstjórnunarkerfis og ISO 45001 sem tekur til heilbrigðis og öryggis á vinnustað. Það er eðlilegt næsta skref í áframhaldandi uppbyggingu stjórnunarkerfa fyrirtækisins, og styður við ábyrgari starfshætti, markvissari stjórnun og stöðugar umbætur í daglegum rekstri.

Markmiðið er að draga markvisst úr umhverfisáhrifum, efla ábyrgð og stuðla að stöðugum umbótum í allri starfsemi HD.

Gæði í framkvæmd og ástandsmati

Gæðamenning HD nær lengra en til suðuvinnu og stálsmiði. Fyrirtækið býr einnig yfir viðeigandi hæfni og vottunum á sviði skaðlausra prófana (NDT) og þykktarmælinga, sem styðja við ástandsmat, skoðanir og upplýsta ákvarðanatöku um viðhald og endurnýjun búnaðar.

Vottanir eru ekki markmið í sjálfu sér, heldur staðfesting á þeirri fagmennsku, þekkingu og gæðamenningu sem HD leggur í verkefni viðskiptavina sinna